

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 17

Bátar lőnađarsafnsins á Akureyri



Helgi Máni Sigurđsson

2019

Inngangur

Á Iðnaðarsafninu eru ýmiss konar neysluvörur áberandi, svo sem matvæli (matvælaumbúðir), fatnaður og skór. En stærstu safngripirnir eru bátar sem smíðaðir voru á Oddeyrinni á Akureyri. Skipasmíðar voru blómleg atvinnugrein á Akureyri um langt skeið eða fram á áttunda áratug 20. aldar og nokkur fyrirtæki störfuðu á þeim vettvangi.

- Á þriðja tug 20. aldar stofnuðu Gunnar Jónsson og Kristján Nói Kristjánsson með sér félag til skipasmíða.
- Kaupfélag Eyfirðinga stofnaði skipasmíðastöð á fjórða áratugnum.
- Slippstöðin hf. og Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta sf. voru stofnuð á þeim sjötta.
- Vör hf. kom á þeim áttunda.

Auk þessara fyrirtækja ráku nokkrir einstaklingar umfangsmiklar bátasmíðar án þess að hafa nöfn fyrirtækja.¹ Iðnaðarsafnið á báta frá tveimur þessara stöðva.

Bátarnir Iðnaðarsafnsins sem hér er fjallað um eru tveir talsins:

Húni II	3
Hafbjörg	12

¹ aba.is 15.12. 2017



Húni II í árlegum slipp á Akureyri. Ljós. HMS

Húni II EA 740

- 1. Skipaskrárnúmer:** 108
- 2. Tegund:** Vélbátur
- 3. Hlutverk:** Fiskiskip; síðar hvalaskoðunarskip, sjóstangveiðiskip
- 4. Eigandi:** Iðnaðarsafnið á Akureyri. Rekstur bátsins: Hollvinir Húna II.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1963: Húni II HU 2, Skagaströnd. Eigandi: Húni hf, Höfðakaupstað.
1972: Haukafell SF 111, Hornafirði. Eigandi: Einir hf.
1986: Skinney eignast skipið. Nafnbreyting verður síðar
1990: Haukafell SF 40, Hornafirði. Eigandi: Skinney.
1991: Gauti HU 59, Skagaströnd. Eigandi: Hólanes hf.
1993: Gauti SF 110, Hornafirði. Eigandi: Skagstrendingur hf.
1993: Sigurður Lárusson SF 110, Hornafirði.
1994: Sigurður Lárusson SF 114, Hornafirði (síðasta nafnið sem hann bar sem fiskiskip).
Eigandi: Mars ehf.
1996: Húni II Höfðakaupstað HU, Skagaströnd. Eigandi: Þorvaldur Hreinn Skaftason.
1998: Húni II HF, Hafnarfirði. Eigandi: Húnaströnd ehf.

2006: Húni II EA. Akureyri. Eigandi: Iðnaðarsafnið á Akureyri.
2011: Húni II EA 740 (tölunni 740 skeytt við) og heitir svo enn árið 2017.²



Björn Pálsson frá Löngumýri, þingmaður, kaupfélagsstjóri á Skagaströnd og útgerðarmaður, pantaði 130 tonna eikarskip hjá Skipasmíðastöð KEA, Akureyri. Hér er hann ásamt konu sinni, Ólöfu Guðmundsdóttur, Tryggva Guðmundssyni yfirsmið og Hákonni Magnússyni skipstjóra.³ Ljós. Birgir Þórbjarnarson

7. Smíðaár: 1963

8. Smíðastöð: Skipasmíðastöð KEA

9. Smíðastaður: Akureyri

Um smíðina:

Hönnuður og yfirsmiður Húna II var Tryggvi Gunnarsson skipsasmíðameistari. Hann hafði grunngerð skrokksins svipaða og stóru bátanna sem stöðin hafði nýlega smíðað. Teikningarnar voru yfirfarnar og stimplaðar af Skipaskoðun ríkisins. Verkstjóri stöðvarinnar var Friðrik Guðbjartsson.

Efnið í skrokk Húna II var eik og kom hún frá Ameríku. Í skipið fóru um 240 rúmmetrar af eik og má gera ráð fyrir að það hafi verið um 360 tré, 130 ára gömul.

² aba.is

³ Þórarinn Hjartarson bls. 12

Kjölur að skipinu var lagður snemma árs 1962. Á þessum tíma var rífandi gangur í KEA-stöðinni og t.d. smíðaðir sex bátar á jafn mörgum árum, allir yfir 40 brl. En nú skyldi smíða skip jafn stórt og smíðaskemman tók.⁴ Alls tóku 26 manns þátt í smíði bátsins í lengri eða skemmri tíma.⁵

Vélsmiðjan Oddi sá um allt járnverk í Húna II og setti niður vélar. Meðal þess sem er úr málmum er: Hvalbakurinn að framan, vatns- og olútankar neðan þilja, yfirbyggingin yfir vélinni (vélareisnin) og stýrishúsið.⁶

Mikið var lagt upp úr að skipið liti sem best út og var sérstaklega vandað til innréttinga. Í káetu voru þrjú klefar sem allir voru með handlaugum og gólf teppalögð en áður hafði slíkur íburður ekki þekkt um borð í fiskiskipi.

Einnig var mjög til brúar skipsins vandað. Hún var hífð um borð fullsmíðuð eftir að skrokkurinn hafði verið dreginn út úr smíðjunni. Hún hafði ekki komist fyrir innan dyra hæðarinnar vegna. Einnig var óvenjulegt að framhluti brúarinnar hallaði fram sem gaf meira rými fyrir siglinga- og fiskileitartæki auk betri yfirsýnar yfir þilfarið. Ytra byrði brúarinnar var haft úr áli og það hnoðað með álhnoðum á járnvinkla. Árið 2013 var enga tæringu í álinu að finna, sem segir þá sögu að vel hefur tekist til með einangrun á milli áls og stáls.⁷

10. Brúttórúmllestir: 132 (skv. mælingu 1963; mældist 118 brl. árið 1967)⁸

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 27,48 x 6,36 x 3,37

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Eik og fura; sléttsúð (innsúð fullkomin)

13. Skrokklag: Með beint, framhallandi stefni og drottningarrass

14. Þilför: Dekkaður

15. Yfirbygging: Hvalbakur, stýrishús, vélareisn

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarrúm, messi ...

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla með bómu

18. Vél:

- 1963: Stork díselvél, 460 hö

- Mitsubishi 650 hö

- 1996: Mitsubishi 650 hö


⁴ Þórarinn Hjartarson bls. 5; Húni II EA 740

⁵ Þórarinn Hjartarson bls. 8-9; smíði skrokksins er nánar lýst í bæklingi Þórarins Hjartarsonar um Húna II, bls. 9-10.

⁶ Þórarinn Hjartarson bls. 11

⁷ aba.is

⁸ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 324; Jón Björnsson II bls. 17



Vélarúm Húna II er sérlega snyrtilegt eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, 2017. Ljós. HMS

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Öll helstu siglingatæki eru um borð í Húna II, sbr. meðfylgjandi mynd, enda er hann með haffærnissskírteini.



Úr brú Húna II, 2017. Ljós. HMS



Úr brú Húna II, 2017. Ljós. HMS



Dekkið og stýrishúsið á Húna II, haustið 2017. Ljós. HMS

20. Notkunarsaga:

Útgerðarsagan

Húni II var gerður út til fiskveiða í 30 ár og er áætlað að samanlögð veiði hans á árunum 1963-1994 hafi verið 32.000 tonn.

Hann fór á sumarsíld 1963 og næstu ár veiddi hann mest síld við sunnan- og suðaustanvert landið en var á þorskanetum og síðar trolli fyrir Vesturlandi og við Reykjanes. Hákon Magnússon var skipstjóri á 7. áratugnum og í áhöfn voru 12 manns, flestir frá Skagaströnd. Næstu árin gekk veiðin nokkuð vel. Hins vegar varð báturinn fyrir nokkrum áföllum, bæði árekstri og eldi.

1969 var síldin horfin og var báturinn þá seldur til Hornafjarðar. Húni var gerður út þaðan í tvo áratugi undir nafninu Haukafell. Hann var þar á netum, línu, trolli, rekneti, humar og aftur síld. Sýndi hann þannig fjölhæfni sína. Haukafellsútgerðin var farsæl og reyndist báturinn vel.

Um og eftir 1990 lenti báturinn á flakki sem tengdist íslenska kvótakerfinu. Hann var gerður út í eitt ár frá Ólafsvík og fór eftir það aftur til Skagastrandar. Þá var hann enn seldur til Hornafjarðar. 1994 var honum lagt við kant á Seyðisfirði, hann tekinn af skipaskrá og gert ráð fyrir að hann yrði úreltur, rifinn.⁹



Húni bíður löndunar, líklega á Seyðisfirði. Ljós. Birgir Þórbjarnarson¹⁰

⁹ Þórarinn Hjartarson bls. 13-16

¹⁰ Þórarinn Hjartarson bls. 16



Hjónin Þorvaldur Skaftason og Erna Sigurbjörnsdóttir, bjargvættir skipsins, fá afhenta skúffuöxi úr Skipasmíðastöð KEA í 40 ára afmælisveislu Húna II í ágúst 2003. Ljós. Steini P.¹¹

Hvalaskoðun og sjóstangveiði

Hjónin Þorvaldur Hreinn Skaftason og Erna Sigurbjörnsdóttir föluðust þá eftir skipinu til varðveislu sem sögulegra minja um skipasmíðar á Íslandi. Skipið fengu þau fyrir 10 kr. og var það eftir nokkurt þref sett aftur á skipaskrá 1996 sem skemmtiskip og þá undir sínu gamla nafni Húni II HU.

Húni II var notaður til hvalaskoðunar og sjóstangaveiði frá árinu 1997 til 2004, fyrst frá Skagaströnd, síðan frá Hafnarfirði. Fyrstu fjögur árin fór skipið í 440 ferðir með um 20.000 farþega. Það skilaði þó ekki nægum tekjum og var halli á rekstrinum flest árin.

Árið 2004 sigldi skipið inn Eyjafjörð og lagðist að bryggju á Akureyri. Húni var falur og stofnuðu nokkri menn þá Hollvinafélag Húna II og hófu fjársöfnun til kaupa á honum.

Ári seinna hafði tekist að fjármagna kaupin á skipinu og lögðu þar mest til KEA, Akureyrarbær og Fjárlaganefnd Alþingis. Skipið var afhent Iðnaðarsafninu á Akureyri til eignar sem fól Hollvinum Húna II það til varðveislu, umsjónar og reksturs.

Árið 2011 voru einkennisstafir EA-740 settir aftan við nafn skipsins en Snæfell, stærsta skip sem smíðað hafði verið á Akureyri, hafði borið þá alla tíð.¹²

¹¹ Þórarinn Hjartarson bls.19

¹² Þórarinn Hjartarson bls. 18-21

Húni II EA-740 er enn notaður til siglinga um Eyjafjörðinn með ferðamannahópa, sem hafa löngun til að kynnast Ránardætrum og njóta veitinga, sem á borð eru bornar. Einnig hefur skipið tekið sér ferð á hendur landa á milli og fleiri en eina ferð hefur það siglt í kringum landið svo að strandbúum gefist kostur á að kynnast farkostum liðins tíma.

Rekstur skipsins hvílir á Hollvinasamtökum Húna II, sem er hópur manna sem í eru um eitt hundrað félagar en flestir þeirra eru ekki virkir. Viðhald skipsins og endurbætur hvíla á herðum nokkurra manna, þar á meðal Þorsteins Péturssonar, Steina P.

Steini P. fór á sínum tíma, um 2005, til Jóns Arnþórssonar, safnstjóra Iðnaðarsafnsins, og mælti með að safnið tæki við Húna. Jón taldi að safnið væri ófært um að gera það, hefði ekki bolmagn til að varðveita svo stórt skip. Steini lagði þá til að safnið yrði formlegur eigandi en stofnuð yrðu hollvinasamtök sem sæu um viðhald skipsins. Það var samþykkt.¹³

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Fiskilest Húna II var breytt í veitingasal og bar sem rúmar 50 manns, sjá mynd. Einnig voru settar dyr á vegginn fram í lúkar, sem sjá má á myndinni sömuleiðis. Lúkarnum hefur ennfremur verið breytt að hluta, sett hefur verið í hann eldhús, til að þjóna nýju hlutverki skipsins á sviði ferðaþjónustu. Undir hvalbaknum er snyrtiaðstaða. Í káetu undir brúnni er setustofa fyrir 10-15 manns. Þessar og fleiri breytingar teljast minniháttar og væri hægt að færa skipið í upphaflegt horf ef vilji væri fyrir hendi.¹⁴



Fiskilest Húna sem nú er veitingasalur fyrir 50 manns. Sú breyting var gerð þegar skipið var gert að hvalaskoðunar- og sjóstangveiðiskipi. Ljósmynd. HMS

¹³ Þorsteinn Pétursson, viðtal 2017.

¹⁴ Þórarinn Hjartarson bls. 3

24. Viðhald og viðgerðir:

Húni II hefur aldrei verið vanræktur um langan tíma. Hann hefur farið árlega í slipp undanfarin ár, í botnhreinsun, málningu o.fl.

25. Heimildir:

- Þórarinn Hjartarson: Saga báts. Húni II í tímans rás. Ak., bæklingur, 24 bls. (án árs)
- Húni II EA-740 (tvíblöðungur; án ártals)
- Aba.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrit, haustið 1995.
- Íslenskt sjómannaalmanak, Rvk. 1967
- Þorsteinn Pétursson, viðtal 1. des. 2017. HMS
- Jón Björnsson: Íslensk skip II, 6. prentun, Rvk. 2000

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Húni II er stærsta eikarskip smíðað á Íslandi sem enn flýtur. Alls voru smíðaðir yfir 100 stærri eikarbátar á Íslandi á árunum 1940 til 1970. Húni II er eini báturinn sem eftir er. Hann er í öllum meginatriðum óbreyttur frá fyrstu gerð.



Plankaskipti í Húna II haustið 2017. Byrðingurinn er að mestu leyti Upprunalegur eftir 56 ár. Ljós. HMS



Þorsteinn Pétursson, Steini P, er forystumaðurinn í Hollvinafélagi Húna II. Steini leggur þó áherslu á að Þorvaldur Hreinn Skaftason eigi heiðurinn að því að Húni II var varðveittur. Ljós. HMS 2017



Húni II á siglingu með ferðamenn á Eyjafirði.



Hafbjörg EA 174 fyrir framan Iðnaðarsafnið, nóvember 2017. Ljós. HMS

Hafbjörg EA 174

- 1. Skipaskrárnúmer:** 5399
- 2. Tegund:** Vélbátur
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur
- 4. Eigandi:** Iðnaðarsafnið, Akureyri
- 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1963: Bergsteinn Eyfjörð Garðarsson (1925 – 2012)
- 6. Varðveislustaður:** Krókeyri, Akureyri, utandyra
- 7. Smíðaár:** 1963
- 8. Smiður:** Kristján Nói Kristjánsson, bátasmiður á Akureyri
- 9. Smíðastaður:** Akureyri
- 10. Brúttórúmllestir:** 3,07¹⁵

¹⁵ Þessi tala er frá Jóni Björnssyni, Íslensk skip. Samkvæmt Iðnaðarsafninu eru brúttótonn 3,87.



Hafbjörg EA 174 meðan hún var gerð út. ¹⁶

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,53 (mesta lengd) x 2,25 x 1,02

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með beint, framhallandi stefni.

14. Pílför:

15. Yfirbygging: Bakki, stýrishús

16. Lokuð rými: Lúkar, stýrishús

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél: SABB, 18 hö ¹⁷

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Hafbjörg fyrir framan Iðnaðarsafnið, nóvember 2017. Ljós. HMS

¹⁶ Jón Björnsson bls. 119

¹⁷ Jón Björnsson bls. 119



Bergsteinn Eyfjörð Garðarsson, eigandi Hafbjargar.

20. Notkunarsaga:

Bergsteinn Garðarsson hóf sjómennsku ungur að árum og eignaðist sína fyrstu trillu tvítugur að aldri, árið 1945. Hann gerði Hafbjörgina út í 34 ár eða frá 1963 til 1997. Um tíma átti Karl Ólafur Hinriksson hlut í bátinum. Frá 1. janúar 1964 til 10. júní 1997 kom Hafbjörgin með 1347 tonn af afla að landi.

„Þennan bát átti Beggi trillukarl eins og hann var jafnan kallaður. Beggi heitir Bergsteinn Eyfjörð Garðarsson. Hann var trillusjómaður í marga áratugi.”¹⁸

„Þegar ég fór á sjóinn með mági mínum fannst mér að hann þekkti sjávarbotninn í Eyjafirði eins og lófann á sér. Hann virtist alltaf vita hvar væri von á fiski og var með það á hreinu hve djúpt væri til botns. Frá því um 1950 og þar til hann hætti útgerð skráði hann ætíð hve mikið hefði veiðst í hverri veiðiferð og þær fisktegundir sem veiddust. Þetta er athyglisverð og verðmæt skýrsla.”¹⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Kristján Nói Kristjánsson var fæddur árið 1896 að Innri-Lambhaga við Dýrafjörð. Hann stundaði sjómennsku en allt frá árinu 1924 vann hann við bátasmíðar á Akureyri. Nói smíðaði marga báta sem allir reyndust happafley. Hann lést árið 1983.²⁰

22. Ástand báts: Sæmilegt / slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn stendur úti og ekki er breitt yfir hann að vetrarlagi. Hann er að fúna og skemmast hratt. Sennilega hefur hann verið í nokkuð góðu ástandi til 1997 þegar hætt var að gera hann út. Áhugahópur gerði bátinn upp og færði Iðnaðarsafninu hann að gjöf.²¹

¹⁸ pallijoh.blog.is/users/5b/pallijoh/img/hafbjorg.jpg

¹⁹ Sigurður Jóhannesson. Minningargrein um Bergsvein Eyfjörð Garðarsson.

²⁰ Iðnaðarsafnið: Hafbjörg EA 174

²¹ pallijoh.blog.is/users/5b/pallijoh/img/hafbjorg.jpg

25. Heimildir:

- Iðnaðarsafnið: Hafbjörg EA 174 (upplýsingaskilti á bátnum)
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1. Rvk. 1999
- Erlingur Davíðsson: Nói bátasmiður. Ak. 1978. Útgefandi: Bókaför­lag Odds Björnssonar.
- pallijoh.blog.is/users/5b/pallijoh/img/hafbjorg.jpg
- Sigurður Jóhannesson. Minningargrein um Bergsvein Eyfjörð Garðarsson. Morgunblaðið 18. maí 2012.

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Kristján Nói Kristjánsson var annálaður bátasmiður á Akureyri og rak sína eigin skipasmíðastöð áratugum saman á Oddeyrinni. Hafbjörgin er etv. eini báturinn úr hans smíðju sem eftir er.



Hafbjörg EA 174 fyrir framan Iðnaðarsafnið, nóvember 2017. Ljós­sm. HMS



Hafbjörg EA 174 fyrir framan Iðnaðarsafnið, nóvember 2017. Ljós. HMS